

Vinnustaður framtíðarinnar
er þar sem þú vilt
þegar þú vilt
- með þeim sem þú vilt

*Í erindi sínu mun Herdís koma stuttlega inn á
niðurstöður nýlegrar íslenskrar rannsóknar um þróun og breytingar á vinnumarkaði
– munum við í framtíðinni öll geta unnið þar sem við viljum, þegar við viljum
og með þeim sem við viljum?*

Herdís Pála Pálsdóttir

UT-messan 2019





Grein í Frjálstri verzlun 2015

Framtíð vinnumarkaða:

Að eiga ekki í föstu vinnusambandi

■ Mikil gerjun er á vinnumörkuðum og gjörð
starfsferil og samband við vinnuveitanda
kynslóðina heldur líka reynslubolta or

TEXTI: HERDÍS PÁLA

Grein í tímariti Dokkunnar 2015



Herdís Pála
MBA, fyrirlesari, markþjálfari

Markaðstorg þekkingar

Hér ætla ég að fjalla um starfsferilinn út frá tveimur sjónarhornum.

Í fyrsta lagi hvað það er sem ég tel skipta mestu máli fyrir farsælan starfsferil og í öðru lagi hvernig ég tel að starfsferill, sem sérstakt fyrirbæri, muni þróast með nýjum hætti á næstu 5-10 árum.

Farsæll starfsferill

Ég hallast nú alltaf helst að því að horfa á manneskjuna í heilu lagi og skilja ekki að feril hennar í lífinu frá ferli hennar í starfi – frekar að horfa á heilbrigða samþættingu þessara þátta eða hvernig annað getur sem best stutt við hitt.

Í grunninn þarf hver manneskja að horfa á sjálfa sig og sjá hvernig hún getur unnið með sig til að byggja undir góðan starfsferil.

Leiðtogi í eigin lífi

Aðalmálið er að byrja á að vinna vel með sjálfan sig sem einstakling. Það að vera leiðtogi í eigin lífi og taka fulla ábyrgð á eigin árangri á öllum sviðum lífsins veitir bestan grunn undir farsælan starfsferil.

Það að vera leiðtogi í eigin lífi merkir að þekkja sjálfan sig, styrkleika sína, hæfni og persónuleg gildi. Einnig að velja viðhorf sín, hafa gott sjálfstraust, góða samskiptahæfni, getu til að hafa áhrif og tilfinningagreind. Að lokum er mikilvægt að sýna stöðuga hegðun sem kemur þér í það mark sem þú stefnir á og þá fyrst þarftu að vita hvað þú



Dr. Árelía Eydís:

Búin að kenna í mörg ár leiðtogafræði, breytinga-
stjórnun og um framtíðarvinnnumarkað.

Einnig stundað rannsóknir á forystu, starfsferli fólks og
um vinnnumarkaðsfræði.

Setið í stjórnnum o.fl.

Herdís Pála:

Búin að vinna við mannauðsmál og stjórnun í 20+ ár.
Blandar stjórnunarstörfum og sjálfstæðum verkefnum.
Mikill áhugi á framtíð vinnu, vinnustaða, vinnuafli og
vinnnumarkaðar

Gerðum **rannsókn** hér á landi
við bókaskrifin, á meðal giggara,
stjórnenda, forystu stéttarfélaganna,
mannauðsfólks o.fl.



Breytingar á hugmyndum okkar um vinnu

- Hugmyndir um vinnu frá tímum annarrar iðnbyltingar hafa mótað hugmyndir okkar hér inni um vinnu
- Vitum samt að við erum að lifa fjórðu iðnbyltinguna og að tækniþróun er að gera okkur kleift að vinna með algjörlega nýjum hætti
- Við vinnum enn 5 daga vikunnar, kl. 9-5 og stéttarfélagin semja um styttingu um 9 mínútur á dag... og að okkur sé greitt út frá lengd vinnutíma, krónur fyrir mínútur...



Breytingar á vinnumarkaði

- Stéttarfélög – Vinnuveitendur – Launþegar
- Verkkaupar og verksalar
- Störf vs. verkefni
- Ferilskrá vs. hæfnimappa

- Örari skipti á störfum
og svo flökkum við á milli launþegi – gíggari – launþegi – gíggari..

- Fólk lifir lengur og starfar lengur
- Vinna er ekki hvar við erum heldur hvað við gerum

- Fara niður valdapýramíðann, fyrir meiri sveigjanleika og meira val um verkefni
- Við samsömum okkur gjarnan frekar með þeim sem tilheyra sama fagi, frekar en vinnufélögum (Félag tölvunarfræðinga vs. vinnufélagar)



Nokkur svör úr rannsóknunum meðal giggara

- „Ég hef aldrei upplifað eins mikið atvinnuöryggi eins og eftir að ég fór að vinna hjá sjálfum mér“
- „Ég hef mun betri tekjumöguleika en ef ég væri í föstu starfi“
- „Ég vel að vinna minna og afla mér bara tekna eins og ég þarf“
- „Ég vel mér vinnu og/eða verkefni sem henta mínum lífsstíl“
- „Gott að vera laus við að taka þátt í vinnustaðapólitíkinni“
- „Þínu leiðinlegt þegar maður sér myndir frá jólapeysudögum“
- „Mín verkefni krefjast þess að ég fari á „vertíð“ tvisvar á ári en svo eru góð frí“
- „Nauðsynlegt að vera skipulagður og þora að selja og markaðssetja sig“



Nokkur svör úr rannsóknunum meðal stjórnenda


- „Eftir 30 ár verða allir farnir að vinna hjá sjálfum sér“
- „Frábært að fá inn fólk með ferskt sjónarhorn, ekki of litað af vinnustaðarmenningunni“
- „Fínt að fá giggara í öll verkefni sem eru ekki beint hluti af kjarnastarfseminni“
- „Mikil tækifæri sem felast í því hvernig við erum nú farin að vinna, erum ekki lengur staðbundin og heimurinn orðinn okkar ostra“

Í hvernig verkefnum eru giggarar?

- Upplýsingatækni
- Ráðgjöf fyrir stjórnendur og stefnumótun
- Árstíðabundin eða álagstengd verkefni

- Mannauðs- og fræðsluverkefni
- Viðburðastýring
- Vörupróun
- Sölustörf
- Gæðastýring
- O.fl. O.fl.





Munum við í framtíðinni öll geta unnið
þar sem við viljum
þegar við viljum
með þeim sem við viljum?

- Já, ef það er það sem við viljum...
- Það krefst annarrar nálgunar og er öðruvísi
- Fólk með flotta færnimöppu, rétta hæfni, gott tengslanet etc. mun fá nóg að gera, ef það vill.
- Auðvitað þarf að mörgu að huga; tryggingar, tvísköttunarsamningar o.fl.
- Aðalmálið er að horfa á hlutina með nýjum gleraugum, ekki með rispum fortíðar

A decorative geometric pattern in the top right corner, consisting of interlocking lines forming a complex, maze-like structure in a dark blue color.

Takk fyrir!

Spurningar?